



MÁLÞROSKEARÖSKUN DLD

HVAÐ ÞARF AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR
VIÐ KENNUM BÖRNUM MEÐ DLD?



HLÍN MAGNÚSDÓTTIR
deildarstjóri stoðþjónustu
febrúar 2026

Í kvöld ætlum við að spjalla um:



Almennt um málproskaröskun DLD

Helstu veikleikar

Hvað skiptir máli?

Sjónrænn stuðningur í náminu

Hugmyndir um útfærslu á námsefni og námsmati


Hvað getum við gert strax á morgun?

MÁLÞROSKARÖSKUN DLD

Málþroskaröskun DLD er oft dulin en algeng taugaproskaröskun.

Einstaklingar með DLD eiga í töluverðum erfiðleikum með að læra, skilja og nota mál.

DLD fylgir einstaklingi út ævina en birtingarmyndin er misjöfn gegnum ólík þroskaskeið.



**NAUÐSYNLEG UNDIRSTAÐA Í
VINNU MEÐ BÖRNUM MEÐ
TAUGARASKANIR**

SKILNINGUR

ÞEKking

**JÁKVÆTT
VIÐHORF**

STUÐNINGUR

ÞOLINMÆÐI

ÁHUGI

MIKIÐ LAGT Á UNGA HEILA

DLD getur litið öðruvísi út hjá mismunandi einstaklingum og færni þeirra getur breyst með tímanum.

Erfiðleikar við að meðtaka upplýsingar

Erfiðleikar við að skilja leiðbeiningar

Erfiðleikar við að finna orðin

Erfiðleikar við að skilja orðaleiki og orðatiltæki.

Erfiðleikar við að skilja brandara, kaldhæðni og slangur

Erfiðleikar við að muna það sem sagt hefur verið

Erfiðleikar við að veita athygli

Erfiðleikar við að læra að lesa



Erfiðleikar við að viðhalda vináttuböndum

Erfiðleikar við að skilja og stjórna tilfinningum

Erfiðleikar við að segja frá

Takmarkaður orðaforði

DLD getur haft áhrif á hegðun og líðan, m.a. lágt sjálfsmat og kvíða.



MIKILVÆGT AÐ DEKKJA RÖSKUNINA

Það er erfitt að einstaklingsmiða nám og styðja við nemandan ef við þekkjum ekki helstu einkenni röskunarinnar.

Þegar börn eiga erfitt með að hlusta og að meðtaka upplýsingar þá er mikilvægt að gefa þeim pásu frá því.

Ekki tala endalaust án þess að hafa sjónrænar upplýsingar til að styðja við það sem við segjum.

HELSTU VEIKLEIKAR ERU Í MÁLSTARFI

EIGA Í ERFIDLEIKUM MEÐ:


máltjáningu

málskilning

HVAÐ ÞURFA ÞAU AÐ KUNNA
AKKÚRAT NÚNA?

Ef við getum ekki tengt
það við daglegt líf, skiptir
það miklu máli akkúrat
núna?

orðaforði
hugtök
skilningur
bjargir



NEMENDUR MEÐ DLD

Við vitum að þau eiga í
erfiðleikum með bóklegt nám

Oft á tíðum eru börn með DLD sett í aðstæður
þar sem þau þurfa að fylgja almennri námskrá
þrátt fyrir að við vitum að þau ströggla með
málskilning - lesskilning - máltjáningu.

Að auki geta þau oft lesið illa í aðstæðurnar í
skólastofunni. t.d. væntingar kennara, samskipti við
samnemendur, ná að fylgjast hvað er að gerast, tala
fyrir framan aðra osfrv.




OFT Á TÍÐUM VÍTAHRINGUR



Málþroskaröskun – veldur því að nemendur eiga erfitt með að tjá sig og skilja talað og skrifað mál.

Vegna þess að þeir eiga erfitt með að tjá sig og skilja talað mál – þá koma fram námslegir og félagslegir erfiðleikar.



Þeir sækja í aðstæður þar sem þeir þurfa ekki að tjá sig mállega, t.d. afþreyingu sem þeir þurfa ekkert að tjá sig í t.d. tölvuleikir – youtube – tiktok

Þeir verða þar af leiðandi ennþá einangraðari – getan til að tjá sig verður ennþá skertari

Enn meiri erfiðleikar í námi og félagslega og þannig heldur vítahringurinn áfram.



HVAÐ SKIPTIR MÁLI?

Mikilvægt dæ:

Nemendur fá innsýn í eigin vanda
Kennarar fá innsýn í vanda nemandans

nemendur þekki eigin styrk- og veikleika

efla sjálfsmynd

hrósa á lýsandi hátt

útskýra - leiðbeina - kenna

koma í veg fyrir óöryggi og vanmátt

veita uppbyggjandi gagnrýni

hrósa fyrir viðleitni og framlag í námi í stað niðurstaða
verkefna eða árangurs.



HVAÐ SKIPTIR MÁLI?

gefa þeim tækifæri

Til að tala um líðan - viðhorf - skoðanir

Til að segja frá hvað þeir vilja læra og
hvernig þeir vilja læra.

Til að hrósa sjálfum sér, taka eftir því jákvæða og
nota jákvætt sjálftal.

SJÓNRAENN STUÐNINGUR Í NÁMI

myndir

skýringarmyndir

myndbönd

hlutir

dagskipulag á töflu

tímalínu verkefna

tímavaki

hugarkort

formúlublað

áherslutúss

sýnileg markmið

sýnikennsla

UMRÆÐUR OG SAMTÖL

TÍMI

Nemandinn þarf góðan tíma til að meðtaka og vinna úr upplýsingum

FORÐAST

Það er gott að forðast kaldhæðni og margræð orð ef þú hefur ekki tíma til að útskýra

AUGNSAMBAND

Mikilvægt að snúa að nemandanum og ná athygli hans.

VERA SKÝR

tala hægt - tala skýrt
litlar einingar
eitt í einu
einfalt mál

UNDIRBÚA

“við erum að fara að tala um”

MINNI

Reyna að hafa sem minnst sem þarf að leggja á minnið

BÓKLEGT NÁM ER ÁSKORUN



Það er mikilvægt að efla:

orðaforða
málskilning
lesskilning
máltjáningu
lesfimi

ORÐAFORÐAKENNSLA

Lesskilningur getur aldrei orðið betri en málskilningur okkar.

Til að efla lesskilning þurfum við að efla málskilning.

Veikleikar í málskilning og orðaforða þurfa markvissa hugtaka-kennslu í tengslum við námsefnið

Gott að hafa **innlagnartíma** áður en farið er í ákveðið viðfangsefni.

Þar er farið vel í þau hugtök sem koma fram í námsefninu og þau gerð aðgengilegri.

Flókin hugtök eru útskýrð - tengd við önnur orð - tengd við námsefnið.

HVAÐA ORÐAFORÐI SKIPTIR MÁLI?

LÍFFRÆÐI

Grasfræði fjallar um
plöntur og líf þeirra.

Dýrafræði snýst um
dýrin og líf þeirra.

Læknisfræðin
snýst um manns
líkamann og sjúk
dóma.

Atferlifræði
fjallar um hegð-
un dýranna.

Atferlifræði fjallar um
hegðun dýranna.

Atferlifræði fjallar um
hegðun dýranna.

Erfðafræði fjallar
um erfðir lífvera.



ORÐA FORÐA KENNSLA

SFA-ADFERÐ

1. Hvað er þetta?
2. Til hvers er það?
3. Hvernig er það notað?
4. Hvernig lítur það út?
5. Hvar finnur þú þetta?
6. Hverju tengist það?

Þekkja orðið í sjón

Þekkja orðið þegar það er sagt

Lesa orðið

Segja orðið rétt

Stafsetja orðið rétt

Útskýra orðið með eigin orðum

Nota orðið í öðru samhengi

HUGMYNDIR

Námsefni þar sem ekki er ekki endilega eitt rétt lokasvar?

Þjóða glósur svo nemendur þurfa ekki að eyða tíma í að skrifa upp sjálf?

Velja lykilhugtök sem er mikilvægt að skilja fyrir ákveðið viðfangsefni og kenna þau markvisst.

Brjóta erfið orð í smærri einingar og útskýra merkingu þeirra
t.d. hugmyndaríkur – hugur – mynd – ríkur (eiga mikið)

orð vikunnar og safna á orðavegg

HUGMYNDIR

Hljóðbækur - nemendur fylgjast með textanum á sama tíma og þeir hlusta.

Brjóta flókin texta niður í minni augljósar einingar?
t.d. með áherslutúss.

Spyrja spurninga eftir hverja einingu svo að nemandinn
geti rifjað upp jafnóðum

Hafa skýringarmyndir með textanum
útskýra hugtök á myndrænan hátt
t.d. teikna myndir jafnóðum og verið er að útskýra

HUGMYNDIR

útskýra “námslegan orðaforða”
á skiljanlegu máli svo að nemandinn skilji hvað hann á að gera

“nefndu”
“greindu frá”
“ýmiskonar”
“sýndu fram á”
“útdráttur”
“deildu”
“rökstuddu”
“túlkaðu”

NÁMSMAT

Alltaf bjóða lengri próftíma
Taka prófið í tvennu lagi

Það er ekkert alltaf betra að sitja lengi með langt próf.

Mikilvægt að veita aðstoð við lestur spurninga í þeim tilgangi að
útskýra spurningarnar sem valda erfiðleikum.

Er möguleiki að skila afurðinni af sér á annan hátt?

Minna minnis!

25 HUGMYNDIR AÐ SKAPANDI VERKEFNASKILUM

1 BÚA TIL VEGGSPJALD

2 HANNA BORDSPIL

3 BÚA TIL KROSSGÁTU

4 BÚA TIL MYNDBAND

5 HANNA LÍKAN

6 BÚA TIL AUGLÝSINGU

7 BÚA TIL FRÉTT

8 BÚA TIL TÍMAÁS

9 BÚA TIL OG FLYTJA
KYNNINGU

10 BÚA TIL KLIPPIBÓK

11 BÚA TIL RATLEIK

12 BÚA TIL TEIKNIMYND /
HREYFIMYND

13 BÚA TIL VEFSÍÐU

14 BÚA TIL OG SÝNA
LEIKPÁTT

15 BÚA TIL TÍMARIT



16 BÚA TIL TÖLVULEIK

17 BÚA TIL SPURNINGALEIK

18 SEMJA LJÓÐ

19 BÚA TIL ÚTVARPSPÁTT
EÐA HLADVARP

20 SKRIFA SKÝRSLU

21 SEMJA OG TAKA UPP LAG

22 SEMJA SÖGU


23 BÚA TIL FLÆDIRIT

24 BÚA TIL ÖSKJU MEÐ HLUTUM
TENGDUM EFNINU


25 BÚA TIL MYNDASÖGU



NÁMSEFNI



sjónrænt
myndbönd
myndskreyttar bækur
góðar útskýringar
upplifun
verklegt
samvinnunám
samskipti
nýta fleiri skynfæri
forvitnilegt
gagnlegt
tengja við fyrri þekkingu/áhugasvið
tengja við daglegt líf



15 ára drengur með DLD

"VANTAR EITTHVAÐ"

Hann þarf að leggja meira á sig en jafnaldrar

Hann sónar út án þess að átta sig á því

HLUSTUN

Honum finnst erfitt að hlusta og
segist bara ná um helmingnum

Honum finnst erfitt að hlusta og
skrifa á sama tíma

SKÓLINN

Honum finnst kennararnir fara of hratt yfir námsefnið

Hann vill meira verklegt

Hann vill leggja minna á minnið

allt sýnilegt

sjónrænn stuðningur

endurtekningar

HVAÐ GET ÉG GERT STRAX Á MORGUN?

Lestu um DLD

Hugsaðu námsefnið út frá þörfum nemenda með DLD

Leggðu áherslu á skapandi verkefnaskil þar sem styrkleikar njóta sín

Útskýrðu Flókin hugtök t.d. með innlagnartíma/hugarkortum

Gefðu nemandanum tækifæri til að melta upplýsingarnar og spyrja spurninga

Skiptu námsefninu í hæfilega bita

Kynntu námsefnið í byrjun og dragðu það saman í endann

minna minnis – meira sjónrænt

vefsíður

radld.org

dldandme.org

thedldproject.com

speechbloguk.com

